

Stjórnarfundur GHG miðvikudaginn 31. des 2014 kl. 10:10 í golfskála

Stjórnarfundur nr. 1

Mættir: Auðunn, Össur, Morten, Erlingur, Alfreð, Ólafur, Sveinbjörn og Hjörtur.

Ingibjörg boðaði forföll og Steingrímur er erlendis.

Í upphafi fundar bauð formaður stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði þeim að hafa gefið kost á sér til að leiða starf klúbbsins.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Auðunn Guðjónsson formaður var kjörinn aðalfundi klúbbsins þann 17. desember sl.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að verkaskiptingu stjórnar:

- Gjaldkeri – Össur Friðgeirsson
- Varaformaður – Erlingur Arthúrssen
- Ritari – Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir
- Meðstjórnendur – Alfreð Maríusson, Ólafur Ragnarsson og Morten Geir Ottesen
- Varamenn (kjörnir á aðalfundi) – Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hjörtur Árnason og Steingrímur Ingason.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Nefndaskipan og skipan formanna nefnda.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um nefndaskipan á starfsárinu:

Á starfsárinu starfi lögákveðnar nefndir (vallarnefnd, mótanefnd, forgjafar- og laganefnd, barna- og unglinganefnd og kvennanefnd) og auk þess húsnefnd, afreksnefnd, útbreiðslunefnd og skemmtinefnd.

Eftirtaldir verði skipaðir formenn nefnda:

- Vallarnefnd – Erlingur Arthúrssen
- Mótanefnd – Ólafur Ragnarsson
- Forgjafar- og laganefnd – Alfreð Maríusson, en auk hans verði Ingibjörg Mjöll í nefndinni
- Barna- og unglinganefnd – Auðunn Guðjónsson
- Kvennanefnd – Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir
- Húsnefnd – Morten Geir Ottesen
- Afreksnefnd – Steingrímur Ingason
- Útbreiðslunefnd – Össur Friðgeirsson
- Skemmtinefnd – Alfreð Maríusson

Þá verði skipuð framkvæmdastjórn þriggja stjórnarmanna

- Auðunn Guðjónsson
- Össur Friðgeirsson
- Erlingur Arthúrssen

Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður lagði til að formenn nefnda sjái um að fullmanna nefndir og stefnt verði að því að leggja tillögur um fullskipaðar nefndir fyrir næsta stjórnarfund til staðfestingar.

Formaður boðar að nefndir og framkvæmdastjórn skuli geri starfsáætlanir sem lagðar verði fyrir stjórn til samþykktar. Í starfsáætlunum verði hlutverk skilgreint, helstu verkefni og markmið. Þá verði fjárhagsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi skipt upp á viðkomandi nefndir. Útbreiðslunefnd og skemmtinefnd skipti með sér verkefnum útbreiðslu- og skemmtinefndar sem starfaði á síðasta starfsári og auk þess verði samskipti við aðra klúbba meðal verkefna útbreiðslunefndar.

3. Samningur við Hveragerðisbæ 2015-2018

Síðasta stjórn GHG fól Auðuni, Össuri og Morten að koma fram fyrir hönd klúbbsins í samningum við Hveragerðisbæ. Fyrir liggja drög að samningi sem bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti fyrir sitt leyti á bæjarstjórnarfundi 11. desember sl. Gerð var grein fyrir samningnum og hann ræddur.

Stjórn GHG samþykkir samninginn en formanni er falið að koma að lítilsháttar breytingum í samræmi við umræður á fundinum. Formanni veitt heimild til að staðfesta samninginn fyrir hönd klúbbsins.

Stefnt er að næsta stjórnarfundi um miðjan janúar.

Fundi slitið kl. 10:40

Fundargerð skráði Auðunn Guðjónsson